

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Hulduhólasvæði.

Í stað einbýlishúsalóða sunnan Bröttuhlíðar er nú gert ráð fyrir lóðum fyrir tveggja hæða parhús P2H með fjórum íbúðum auk einnar, einnar hæðar raðhúsalengju R1H með fjórum íbúðum.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 21. september 2017,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2017